

til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 93 15. mars 1973.

Íðnaðarráðuneytið, 11. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Patrekshrepps.

Tafla I. Orkuverð, grunnverð, gjaldstofnar og mælaleigur.

Taxta- númer	Taxtaheiti	Orku- verð kr./kWh	Daggreiðsla kr. Grunnverð/ gjaldstofnar	Mæla- leigur
A. Lýsing.				
1.1	do. án grunnverðs	13.00		01
1.2	do. með grunnverði	5.50	0.10m ²	01
1.3	do. götur og Pt.höfn	3.50		03
B. Heimili.				
2.1	do. m/grunnv. herb.	3.20	1.20/herbergi	01
2.2	do. m/grunnv., aflúttak	1.45	0.40/amper	01
2.3	do. m/grunnv., aflúttak	0.80	0.80/amper	03
2.4	do. m/grunnv., aflúttak	0.50	1.60/amper	03
C. Iðnaður/verslun.				
3.1	do. smávélar	5.50		02
3.2	do. stór notkun (C 9)	1.05	9.20	04
D. Hitun.				
4.1	do. án rofs	2.00		03
4.2	do. með rofi 2 kl./dag	1.45		03
4.3	do. með rofi 3 kl./dag	0.80		01
4.4	do. með rofi 14 kl./dag	0.50		03
F. Annað.				
5.1	Sérsamningar.			
5.2	Lokun og enduropnun veitu, útsending lok- unarmanns		300/á reikn.	
	Mælaleigur.			
	Einfasa almenn án stjórn.		1.75/mælingu	01
	Þrífasa og einfasa m/stjórn.		2.00/mælingu	02
	Þrífasa með stjórnækjum		4.00/mælingu	03
	Þrífasa með aflmælingu		7.65/mælingu	04

SKÝRINGAR OG ÁKVÆÐI MEÐ TÖFLU I

A. Lýsing.

- 1.1. Almenn lýsing og eða fyrir aðra þá notkun, sem ekki er seld undir öðrum lið í þessari verðskrá.
- 1.2. Lýsing með grunnverði. Gjaldstofnar grunnverðs eru fermetrar gólfflatar þar sem lýsing er. Í verslunum, vinnustofum og skrifstofum reiknast grunnverð af hverjum m², en tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þ. h. stöðum. Eftir þessum taxta má þó selja afmagn til notkunar á vinnustöðum, meðan á byggingu stendur án grunnverðs.
- 1.3 Til lýsingar á götum og við Patrekshöfn.

B. Heimili.

- 2.1 Venjuleg heimilisnotkun með grunnverði. Gjaldstofn grunnverðs eru íbúðarherbergi. Fullt grunnverð reiknast af íbúðarherb. og eldhúsi sem eru 5—25 m² að stærð, en af minni herbergjum reiknast hálft grunnverð og af stærri tvöfalt. Baði, geymslum, göngum og þ. h. skal sleppt.

Ef um smáatvinnurekstur er að ræða í húsnæði, sem fær raforku um heimilismæli, þá reiknast þar tvöfalt grunnverð samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

- 2.2., 2.3 og 2.4 Venjuleg heimilisnotkun með grunnverði. Gjaldstofnar grunnverðs eru amper eða kW (aflmæling). Grunnverð ampera miðast við einfasa 220 volt, og amperstærðirnar 16, 20, 35 og 50 amper, en umreiknast í samræmi við þá aflnotkun, ef um fleiri fasa eða aðra spennu er um að ræða. Aflnotkun umfram 20 kW mælist með aflmæli, reiknast þá 1 kW sem 4 amper. Af rofinni notkun samkvæmt rofatíma og reglum í taxta D, greiðist ekki grunnverð. Ef ekki eru tók á að mæla aflúttak, má reikna það eftir amperstærðum öryggja eða áætla í samræmi við uppsett afl hjá notenda.

C. Iðnaður og verslun.

- 3.1 Fyrir smávélar og tæki í iðnaði og verslun. Hér má einnig selja rafmagn til lýsingar um sama mæli samkvæmt taxta 1.2, reiknast þá einnig grunnverð samkvæmt þeim taxta.
- 3.2 Afl- og orkumæling. Gjaldstofn grunnverðs er aflúttak, í kW (C 9 á reikningum rafveitunnar). Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mín. Ef ekki er tók á að mæla notað afl, má reikna aflúttak samkvæmt ástimpluðu afli véla ÷ 20%. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark er 10 kW ef raforka til lýsingar er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar grunnverð samkv. lið 1.2.

Heimilt er að takmarka aflúttak samkv. þessum lið 3.2, á mestu álagstímum rafveitunnar, í allt að 2 klst. á dag.

D. Hitun.

- 4.1 til 4.4 Hitasala er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrir mælum hans um tengingu og búnað hitunartækja. Rafmagnsofnar og önnur rafhitunartæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á klukkurofum.

F. Annað.

- 5.1 Sérsmningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað til rafveitunnar eftir sérstökum samningi um raforkukaup. Rafveitustjóri er heimilt að leyfa tengingu

einstakra tækja við bæjarkerfið án mælis um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

- 5.2 Ef reikningar rafveitunnar eru ekki greiddir samkvæmt verðskrá þessari og reglugerð rafveitunnar, svo að til sérstakra innheimtuaðgerða hafi þurft að grípa, svo sem útsendingu lokunarmanns, og/eða lokunar veitu, skal notanda gert að greiða kostnað samkvæmt þessum lið.

Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt gjald samkvæmt lið 5.2 á skrifstofu rafveitunnar.

TENGING VIÐ VEITUKERFIÐ

Í samræmi við umsókn notanda, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tengingar samkvæmt töflu II, miðast við notkunarstaði á skipulögðum svæðum. Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda eftir greiðfærri leið að lóðarmörkum við götu.

Breyting á tengingu, bráðabirgðatenging og/eða tenging utan skipulagra svæða, greiðist samkvæmt útlögðum kostnaði.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug meðan frost er í jörðu, nema ef notandinn samþykkir að greiða þann umframkostnað, sem af því kann að hljóta.

Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar áður en byggingarframkvæmdir hefjast, ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefja notandann um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði, sem hún hefur lagt í vegna þessa, auk heimtaugargjaldsins.

Sé tenging með flutningsgetu umfram það, sem sagt er í töflu II, eða aðstæður séu óvenjulegar, er heimilt að krafjast aukagjalds, eða greiðslu samkvæmt kostnaði.

Tafla II. Tengingar við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Flutningsgeta í amperum	Stofngjöld tenginga, heimtauga	Greiðsla vegna yfirlengdar heimtaugar kr./m
0 til 3 × 60 amp.	15 000.00	600.00
3 × 60 til 100 amp.	18 000.00	750.00
3 × 100 til 125 amp.	22 000.00	900.00
3 × 125 til 200 amp.	35 000.00	1 200.00
3 × 200 til 350 amp.	70 000.00	1 500.00

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II, sem miðast við jarðlínutengingar.

ÝMISLEGT

Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.

Mælaleigur innheimtast um leið og greiðslur fyrir raforku.

Söluskattur er innifalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald. Söluskattur og viðlagagjald reiknast ekki af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi

gjaldskrá fyrir Rafveitu Patrekshrepps nr. 201 18. júní 1968, ásamt síðari breytingum.

lönaðarráðuneytið, 13. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

20. desember 1973.

Nr. 381.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 165 20. maí 1968 um bátaábyrgðarfélög.

1. gr.

3. og 4. málsgrein 31. greinar orðist svo:

Ef skip hefur staðið á landi eða verið lagt tryggilega fyrir festum á öruggum stað, sem félagið tekur gildan, og slík landstaða eða hafnarlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi skipsins. Endurgreiðslan skal vera 0.20% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern dag, ef skip hefur staðið á landi, en 0.15% af ársiðgjaldi á dag, ef það hefur legið í höfn. Hver mánuður reiknast 30 dagar og allt árið sem 360 dagar. Þrátt fyrir framangreindar reglur skal endurgreiðsla aldrei vera meiri en nemur mismun á ársiðgjaldi skips annars vegar og greiðslu Tryggingasjóðs fiskiskipa vegna iðgjalds skipsins á viðkomandi ári að viðbættum þeim hluta iðgjalds, sem skipseiganda ber að greiða sjálfum miðað við fullt úthald, hins vegar.

Hafi skip orðið fyrir alskaða, skal endurgreiða hluta af iðgjaldi þess til loka ársins með sama hætti eins og ef skipið hefði staðið á landi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 41 28. apríl 1967, öðlast gildi 1. janúar 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1973.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

20. desember 1973.

Nr. 382.

REGLUR

um grandara- og línuspil.

1. gr.

Grandaraspil.

Skuttogarar, sem smíðaðir eru eftir gildistöku þessara reglna, skulu búnir grandaraspilum eða öðrum búnaði jafngildum, sem kemur í veg fyrir slyshættu af toghlerum, sem híðir eru í gálga.

Gildir þetta einnig um eldri skuttogara, þyki það sanngjarnt og heppilegt að mati siglingamálastjóra.